



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi nefndasvið  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. mars 2021.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, lögræðislögum, nr. 71/1997, og barnalögum, nr. 76/2003 (bann við barnahjónabandi), þskj. 432., 347. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Styður skrifstofan frumvarpið heils hugar og telur fara vel á því að Ísland uppfylli tilmæli Evrópuráðsins nr. 1468/2005, um þvinguð hjónabönd og barnahjónabönd, en þar segir að undir skilgreininguna barnahjónabönd falli þau tilvik þegar a.m.k. annar aðilinn er undir 18 ára aldri. Fylgir Ísland þá fordæmi annarra Norðurlönda sem hafa gert breytingar á sambærilegum lagaákvæðum um hjúskap eða hafið endurskoðun á gildandi löggjöf með það að markmiði að afnema undanþágur vegna aldurs til þess að ganga í hjúskap.

Í fyrra skiluðu 9 frjáls félagasamtök viðbótarskýrslu við fimmtu og sjöttu skýrslu Íslands til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um stöðu mannréttinda barna á Íslandi og var MRSÍ þar á meðal. Í skýrslunni segir eftirarandi:

*„Á Íslandi er lítið rætt um barnabréðkaup en á undanförunum tveimur áratugum hafa 18 undanþágur frá aldurskilyrðum hjúskaparlaga til að ganga í hjónaband verið veittar, þar af 17 vegna stúlkna og 1 vegna drengs.<sup>1</sup> Almennt er aldurskilyrði 18 ár, en undanþágur voru veittar á árunum 1998 – 2018 vegna barna á aldrinum 16 – 17 ára. Mikilvægt er að fella út undanþáguákvæði sem heimilar barni að ganga í hjónaband með samþykki forsjáforeldris og leyfi ráðuneytis.*

*Mælt er með undanþáguákvæði hjúskaparlaga verði afnumið. Erfitt er að hugsa sér aðstæður í nútímasamfélagi sem kalla á nauðsyn þess að halda slíkri undanþágu í lögum, frá því almenna skilyrði að einstaklingur þurfi að vera 18 ára til að mega ganga í hjónaband.“*

Með vísan til þess er að framan greinir hvetur MRSÍ til lögleiðingar frumvarps þessa.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

---

<sup>1</sup> Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um barnahjónabönd. 148. löggjafarþing 2017 – 2018. Þingskjal 987 – 402. mál.